



Bergrós Björnsdóttir stóð sig frábærlega á heimsleikunum í Crossfit. Mynd: Crossfit.com

Bergrós þriðja best í heimi

Selfyssingurinn Bergrós Björnsdóttir hafnaði í þriðja sæti í 16-17 ára aldursflokki kvenna eftir glæsilega frammi-stöðu á heimsleikum CrossFit sem fóru fram í Madison, Wisconsin í Bandaríkjunum í síðustu viku. Lucy McGonigle frá Írlandi varð heimsmeistari og Trista Smith frá Bandaríkjunum lenti í öðru sæti.

Bergrós, sem varð sextán ára í febrúar, byrjaði mótið frábærlega og lenti í öðru sæti í fyrstu greininni. Sólin og hitinn í Madison gerðu henni aftur erfitt fyrir næstu grein og var hún borin út af vellinum eftir hita-slag og endaði þar í tíunda sæti. Bergrós lét þetta þó ekki á sig fá og náði hún með ótrúlegri seiglu og ákveðni að vinna loka-

greinina og hreppti í kjölfarið bronsið.

Stökkseyringurinn Björgvin Karl Guðmundsson hafnaði í ell- eða sæti á heimsleikum Cross-Fit eftir frábæra frammistöðu. Framan af var Björgvin í topp tíu en bakmeiðsli sem hafa verið að hrjá hann reyndust dýrkeypt og lönduðu honum í sextánda sæti- nu í síðustu greininni. HGL



Mynd: Aldís Hafsteinsdóttir.

Flúðir um versló vel heppnuð í alla staði

Fjölmennt var á bæjarhátíð- inni Flúðir um versló sem fór fram sl. helgi. Nóg var um að vera á hátíðinni og má þá meðal annars nefna fjölskyldu- skemmtun, traktoratorfæru, furðubátakeppni og brennu- og brekkusöng. Einnig voru haldnir dansleikir á kvöldin þar sem úr- val tónlistarfólks kom fram og skemmti fólki.

Bessi Theodórsson, sem séð hefur undanfarin ár um skipu- lagningu hátíðarinnar, var mjög

ánægður með hátíðina í ár. „Það er svo gaman að sjá hversu vel fólk skemmtir sér á hátíðinni, ár eftir ár. Hátíðin í ár var engin undantekning. Það gerði reyndar hellingsskúr á laugardeginum í smá stund, en fólk lét það ekki stoppa gleðina,“ segir Bessi í samtali við Dagskrána.

„Það er fátt skemmtilegra en að halda vel heppnaða bæjarhá- tíð. Það er verst að maður getur ekki gert þetta hverja helgi,“ segir Bessi hlajandi á línunni.

Einn þurrasti júlímánuður í manna minnum

Júlímánuður var óvenjulega þurr um landið sunnan- og vestanvert. Mjög þurr var á Snæfellsnesi og allt austur að Höfn. Á allmörgum stöðvum mældist heildarúrkoman innan við 10 mm og er víða sú minnsta sem vitað er um í júlí.

Hæsti hiti mánaðarins mældist 26,5 stig á Hjarðar- landi í Biskupstungum þ. 9.

Júlí var kaldur á norðan- og austanverðu landinu. Suð- vesturlandið var að tiltölu hlýrra. Við Írafossvirkjun í Grímsnesi mældist heildarúr- koma mánaðarins 4,9 mm sem er aðeins um 5% af meðalúr- komu árána 1991 til 2020. Á Vogsósum í Ölfusi mældist heildarúrkoma mánaðarins að- eins 0,9 mm.



FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fosnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

Fáðu
fagmann
í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)



ÚTBOÐ VEGNA JARÐVINNU



Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum vegna jarðvinnu við leikskólann Óskaland

Verkið skal framkvæma samkvæmt útboðsgögnum og öðrum þeim gögnum sem þar er vísað til. Innifalið í tilboði skal vera allt sem þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum. Tilboð skal gert á þartilgerðu tilboðsblaði og sundurliðað í tilboðsskrá.

Útboðsgögn eru aðgengileg á heimasíðu Hveragerðisbæjar. Tilboðum skal skila inn til bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar í síðasta lagi föstudaginn 25. ágúst kl. 11. Tengiliður er Höskuldur Þorbjarnarson hoskuldur@hveragerdi.is

Umhverfisfulltrúi Hveragerðisbæjar

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra 2023

Skipulags- og umhverfisnefnd Rangárþings eystra sendi út tilkynningu á dögnum þar sem óskað er eftir tilnefningum frá íbúum vegna umhverfisverðlauna sveitarfélagsins sem veitt verða á Kjötsúpuhátíðinni þann 26. ágúst næstkomandi.

Verðlaunin eru veitt sem viðurkenning til íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu fyrir fallega og

vel hirta garða. Mat er meðal annars tekið af hönnun garða, umhverfis, viðhaldi mannvirkja, girðinga og snyrtilegri heildarmynd.

Markmið viðurkenningarinnar er hugsað sem hvatning til íbúa sveitarfélagsins um að huga vel að nærumhverfi sínu og verðlauna íbúa og fyrirtæki sem skara fram úr. Veittar eru

þrennar viðurkenningar, fyrir snyrtilegasta garðinn, býlið og fyrirtæki í Rangárþingi eystra.

Rangárþing eystra hvetur íbúa til að senda tilnefningar á netfangið bygg@hvolsvollur.is eða í ráðhús sveitarfélagsins að Austurvegi 4, Hvolsvelli, en frestur til að skila þeim er 10. ágúst 2023.



Umdeilt þjónustugjald stóð stutt

Viðskiptablaðið greindi frá því á föstudag að Dmitrijs Štáls, eigandi veitingahússins Legendary Nordic Restaurant á Hellu hafi rukkað fimmtán prósent þjónustugjald í tilraunaskyni í rúmlega einn og hálfan mánuð. Štáls hafði sagt gjaldið ætlað til að mæta þeim mikla kostnaði sem fylgi veitingahúsarekstri á Íslandi.

Á sunnudag birti Viðskiptablaðið aðra grein þar sem segir að Štáls hafi snarlega hætt við tilraunina eftir fréttumfjöllun og vísar í tilkynningu frá Legendary Hotels. Í umfjöllun Við-

skiptablaðsins segir formaður Neytendasamtakanna umrætt þjónustugjald skýrt brot á neytendalögum

Þjónustugjaldið nam fimmtán prósentum af verði matar og drykkjar og lagðist sjálfkrafa ofan á reikning gesta. Það var hins vegar valkvætt að sögn Štáls.

Þá segir að jafnframt að veitingastaðurinn muni bjóða viðskiptavinum 20 til 28 prósent afslátt af öllum mat og drykk, en ekki er tekið fram hversu lengi það tilboð endist.



Ljósmynd: Legendary Hotels.

PÓR F

Við opnum nýja verslun á Selfossi.

Vilt þú vinna hjá okkur?

*Verslunarstjóri á Selfossi
*Sölufulltrúi í verslun Selfossi

Áhugasömum er bent á að sækja um á Alfred.is

Verkfæri, landbúnaðartæki og vinnuvélar



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.








Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is





ÞAÐ VERÐUR SKEMMTILEG
SUMARSTEMMING HJÁ
OKKUR UM HELGINA

VERIÐ VELKOMIN
Í HEIMSÓKN!

Motivo
VERZLUN

BRÚARSTRÆTI 3 SELFOSSI S.4821700 MOTIVO.IS

Skora á HSU að tryggja bráðabjónustu í uppsveitum Árnessýslu

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skorar á stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að tryggja íbúum og gestum Uppsveita Árnessýslu eins góða bráðabjónustu og kostur er, sérstaklega í ljósi þess gríðarlega fjölda fólks sem hér dvelur daglega, allt árið um kring, bæði íbúar og ekki síður gestir svæðisins.

Áskorun þessi var birt eftir síðasta fund sveitarstjórnar Hrunamannahrepps sem fram fór þann 3. ágúst sl. en Dána Óskarsdóttir, forstjóri HSU, tengdist fundinum í gegnum fjarfundarbúnað og gerði grein fyrir skipulagsbreytingum sem fyrirhugaðar eru í Laugarási.

Í greinargerð segir að samningum um bakvaktir lækna sem starfa í Laugarási hafi verið sagt upp frá og með 1. september næstkomandi. „Eftir mánuð verður þar með enginn læknir á vakt í Uppsveitum Árnessýslu eftir að dagvinnu lýkur en læknir á bakvakt hefur hingað til sinnt bráðatilfellum sem komið hafa upp á svæðinu.“

Þá segir að sveitarstjórn Hrunamannahrepps telji afar mikilvægt að gott viðbragð sérhæfðra

aðila sé til staðar í Uppsveitum Árnessýslu, að fyrsta viðbragð sé öflugt og að brugðist sé hratt og vel við þegar mínútur geta skipt sköpum.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skorar á stjórnendur HSU að tryggja bráðabjónustu í Uppsveitum, þar mætti til dæmis nefna mögulega viðveru sjúkrabifreiðar og sérhæfðra sjúkraflutningamanna sem sinnt gætu fyrsta viðbragði en slíkt væri algjörlega nauðsynlegt ef að fyrirhugaðar breytingar á bakvöktum verða að veruleika.

„Öflug heilsugæsla er afar mikilvæg hverju samfélagi og því nauðsynlegt að henni sé sinnt eins og lög gera ráð fyrir. Það er sveitarstjórn Hrunamannahrepps kappsmál að heilsugæsla í Uppsveitunum sé með þeim hætti að hún geti sinnt þörfum íbúa og gesta svæðisins með sem allra bestum hætti og að öryggi þessa stóra hóps sé þar með vel tryggt,“ segir enfremur í greinargerðinni. Þá hvetur sveitarstjórn stjórnendur HSU til að skoða þann möguleika að læknavakt verði í boði seinnipart dags í Uppsveitum.



**Brúarhlaup
Selfoss 2023**



Sunnudaginn 13. ágúst

5 km og 10 km hlaup, 3 km skemmtiskokk,
800 m Sprotahlaup og 5 km skemmtihjólreiðar

Sprotahlaupið

Sprotahlaupið er fyrir alla krakka 8 ára og yngri. Hlaupið er 800 metrar og er lagt af stað úr Miðbæjargarðinum á Selfossi kl. 12:30. Allir þátttakendur í hlaupinu fá þátttökupening og Sprotaból.



Tímasetningar og staðsetningar:

Hlauparar í 10 km hlaupi - kl. 11:30.
Hlauparar í 5 km hlaupi - kl. 12:00.
Keppendur í 5 km skemmtihjólreiðum - kl. 11:00.
Keppendur í 3 km skemmtiskokki - kl. 11:30.
Allir þátttakendur koma í mark í miðbæ Selfossi. Allar hlaupaleiðir eru löggildar og mældar upp af viðurkenndum aðila. Timataka (flögur) er í öllum vegalengdum í hlaupum og hjólreiðum.

Flokkaskipting og verðlaun:

Flokkaskipting er í 5 og 10 km hlaupi og eru veittir verðlaunapeningar fyrir 1.-3. sæti í hverjum aldursflokki og einnig fyrir 1.-3. sæti óháð aldri, karla og kvenna, í hvorri vegalengd. Verðlaunapeningar eru veittir fyrir 1.-3. sæti í 3 km hlaupi og hjólreiðum, í karla- og kvennaflokki. Að auki verða dregin út útdráttarverðlaun, úr hópi keppenda og þeim heppnu afhent þau um leið og þeir koma í mark. Verðlaunaafhending fer fram í Miðbæjargarði Selfoss, við endamark hlaupsins, kl. 13:00.

Skráningargjöld (forskráning/eftir forskráningu):

1.500/2.000 kr. fyrir 16 ára og eldri - 3 km, 5 km og hjólreiðar.
1.000/1.500 kr. fyrir 15 ára og yngri - 3 km, 5 km og hjólreiðar.
1.000/1.500 kr. fyrir 8 ára og yngri - Sprotahlaupið.
3.500/4.500 kr. fyrir alla þátttakendur í 10 km hlaupi.
Veittur er fjölskylduafsláttur þannig að hjón borga fullt gjald, fyrir sig og tvö börn, en ef um fleiri börn er að ræða fá þau frítt.

Skráning fer fram á hlaup.is. Forskráningu lýkur á hlaup.is, laugardaginn 12. ágúst kl. 16. Einnig verður hægt að skrá sig á hlaupadag frá kl. 09:00 í Landsbankanum á Selfossi.

Afhending keppnisgagna:

Þeir sem ekki vilja fá bol merktan hlaupinu geta afpakkad hann í forskráningu og lækkar þá keppnisgjaldið um 500 kr. Allir keppendur í Sprotahlaupinu fá bol merktan Sprotaból. Ekki er hægt að afpækka bol í því hlaupi gegn lækkun keppnisgjalds. Afhending keppnisgagna er á hlaupadag í Landsbankanum á Selfossi frá kl. 09:00. Allir þátttakendur fá keppnisbol við skráningu og verðlaunapening við komu í mark.

Frítt í sund eftir hlaup

Allir keppendur fá frítt í sund eftir hlaup, í boði Sveitarfélagsins Árborgar, gegn framvisun keppnisnúmera. Úrslit verða birt á hlaup.is. Frekari upplýsingar gefur Helgi S. Haraldsson, helgi@simnet.is og í síma 780-0403.



Ljósmynd: Sveitir.is



Frjálsíþróttadeild
Umf. Selfoss



Tilboð
verður á stærsta
rafmagnspottinum
okkar!

Polarspa á Selfossi

helgina 11-13 Ágúst.



POLARspa

Kynning og sala á rafmagns og hitaveitupottum

Við verðum staðsettir á svæðinu milli Hótel Selfoss og Sigtúnsgarðsins,
nánari staðsetning verður auglýst á Facebook síðunni okkar
<https://www.facebook.com/polarspas>

Kíkið á okkur í spjall eða hringið í síma 899-5227 fyrir frekari upplýsingar
og persónulega þjónustu.

Ný plata frá Labba í Mánum

Labbi í Mánum (Ólafur Þórlarinsson) er löngu landsþekktur tónlistarmaður sem hefur sent frá sér fjölda hljómplata í árunna rás.

Sumarkveðja er 12 laga safn í nýjum útgáfum. Lög sem komið hafa út allt frá fyrstu tíð Mána og fram á þennan dag. Ef undan er skilin upptakan af Undir bláhimni þá sá Labbi sjálfur alfarið um nýjar útsetningar, upptökur og hljóðblöndun allra laganna. Tónjöfnun var í höndum Bassa Ólafssonar, sonar Labba. Öll lög plötunnar eru sungin af Labba að einu undanskildu, þú átt þér ósk sem sungið er af dóttur Labba, söngkonunni Guðlaugu Dröfn Ólafsdóttur.

Úrvalslið landsþekktu hljóðfæraleikara kemur við sögu á plötunni. Má þar nefna Unni Birnu Björnsdóttur, bróðurdóttur Labba, Eyþór Gunnarsson, Gunnlaug Briem, Jóhann Ásmundsson, Þóri Baldursson, Óskar Guðjónsson, Þóri Úlfarsson og Róbert Þórhallsson auk fjölda annarra

góðra tónlistarmanna. Labbi spilar sjálfur alla gítara og í nokkrum lögum leikur hann á ýmis önnur hljóðfæri svo sem bassa, hljómborð, slagverk, þverflautu og orgel.

Hönnun umslags var í örugnum höndum dóttur Labba, Guðrúnar Birnu Ólafsdóttur. Platan er komin á Spotify og í hljómplötuverslanir.



Afrekshugur tekur á sig mynd

Líkt og vegfarendur um miðbæ Hvolsvallar hafa vafalaust tekið eftir hafa framkvæmdir við uppsetningu Afrekshugar staðið yfir þar sem af er sumri. Nú loksins er verið að taka á sig mynd en stytta sjálf var hífð á stall sinn í gær, 2. ágúst. Verkinu er þó ekki lokið þó að stytta sé kominn á sinn stað og stendur nú frágangur yfir þar sem meðal annars er hellulagður stígur að styttni frá bílastæðunum á milli Landsbankans og Hvolfsins.

Formleg vígsla fer fram á fæðingardegi Nínu Sæmundsson, höfundar verksins, þann 22. ágúst nk. en þá eru liðin 131 ár

frá fæðingu hennar í Nikulásarhúsum í Fljótshlíð.



Kristín Ragna segir frá Njálureflinum

Næstkomandi laugardag, 12. ágúst, kl. 15 mun Kristín Ragna Gunnarsdóttir, hönnuður og teiknari, segja frá Njálureflinum að Kvoslæk. Kristín Ragna hannaði og teiknaði refilinn. Njálurefillinn er 90 m langur

og er fullsaumaður og bíður þess bara að verða hengdur upp þegar rými finnst fyrir hann. Fyrirlesturinn kallast Njálurefillinn, sköpunarferlið í máli og myndum, og eru öll velkomin.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson

Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Lækurinn er laus við ís,
landnámskona vitur.
Er í búi aldrei vís,
einn í plús er litur.

Svar við gátu í blaði 2712: **BÚR**
1. Lína: **BÚR** - 2. Lína: **KvennaBÚR**
3. Lína: **FuglaBÚR**, vitur - 4. Lína: **MatarBÚR**





Heimilið **fínt**

Skoðaðu blaðið og fáðu hugmyndir



Verkfæri - Garðverkfæri - Málning - Pallaolía - Lakk og grunnar - Þvottavélar - Þurrkarar
Heimilistæki - Uppþvottavélar - Ofnar - Háþrýstidælur - Kæli- og frystiskápar - Borðbúnaður - Olíuofnar
Geislahitarar - Útiljós - Bað- og eldhústæki - Búsáhöld - Perur - Berjatínsluvörur - Pottar - Pönnur - Veggjlós
Borðlampar - Sauna tunnur Sturtur - Heitir pottar - Kerrur - Hljóðvistarplötur - Gluggar og hurðir
... og margt fleira!

Parketdagar

til 26. ágúst



HÚSASMÍÐJAN

Parket og flísar

20-40%
afsláttur

Pottaplöntudagar

til 4. september

blómaval

Allar pottaplöntur

25-50%
afsláttur

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbótum ýmskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur**
en með honum má sjá
ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og
svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

KIRKJA

Selfosskirkja

Kvöldguðsþjónusta verður í Sel-
fosskirkju sunnudaginn 13.
ágúst klukkan 20:00. Þema
stundarinnar verður fjölbreyti-
leikinn og samband okkar við
Guð.

Tungufellskirkja

Síðsumarsmessa kl. 14 sunnu-
daginn 13. ágúst nk. Almennur
safnaðarsöngur. Meðhjálpari er
Elín Jóna Traustadóttir.

Arnarbæli

Útiguðsþjónusta kl. 14. Ef veðrið
bregst verður guðsþjónustan í
Kotstrandarkirkju. Prestur sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir, Kirkjukór
Hveragerðis - og Kotstrandar-
sókn leiðir söng, organisti Pétur
Nói Stefánsson. Kirkjukaffi að
guðsþjónustu lokinni.

„Einu sinni á
ágústkvöldi“

Þriðjudaginn 22. ágúst
2023 boðar ferða-
nefnd FEBSEL til
samveru í Árnesi
í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Samveran hefst kl. 19:00
Framreiddur verður kvöldverð-
ur sem er lambalæri og meðlæti
að hætti Brytans og kaffi á eftir
auk þess sem barinn á staðnum
verður opin. Við ætlum að eiga
þarna notalegt síðsumarkvöld
og skemmta hvert öðru

Í Árnesi er gott tjaldstæði
fyrir þá sem vilja nota tæki-
færið og koma með ferðavagna
sína og dvelja lengur á staðnum.
Geta má þess að sundlaugin
verður opin.

Ath.: Að þessu sinni verður
ekki boðið upp á rútuferð í Árnes
en vonandi sjá margir sér fært að
koma og minnum við á að hver
og einn er á eigin ábyrgð.

Þátttakendur borga hver fyrir
sig á staðnum þar sem listi yfir
þátttakendur í kvöldverði mun
liggja fyrir. Bóka verður því í
kvöldverðinn hjá nefndinni eða
skrá sig á lista sem mun liggja
frammi í Grænumörk 5.

Ath.: Þátttaka í kvöldverð-
inum þarf helst að liggja fyrir
laugardaginn áður.

Hlökkum til ágústkvöldsins í
Árnesi. FEB Selfoss

Myndasýrpa frá
Flúðum um versló

Myndir: Aldís Hafsteinsdóttir.

Útimessa í Arnarbæli í Ölfusi

Næstkomandi sunnudag 13. ágúst kl.14 verður
útiguðsþjónusta í Arnarbæli í Ölfusi.

Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókn
leiðir söng, organisti er Pétur Núi Stefánsson og
sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Að guðsþjón-
ustu lokinni verður býður Kotstrandarsókn og
kirkjukórinn í kirkjukaffi.

Arnarbæli er við ósa Ölfusár, athugið breyttan
Suðurlandsveg milli Hveragerðis og Selfoss.

Kirkju er fyrst getið í Arnarbæli um 1200
og síðasta kirkja þar var ofan tekin 1909 þegar
Arnarbælis- og Reykjasóknir voru sameinaðar
og ný kirkja byggð á Kotströnd. Arnarbæli var
prestsetur til 1942.

Ef veðrið bregst verður guðsþjónustan í Kot-
strandarkirkju.



Arnarbæli í Ölfusi. Mynd: Aðsend.



ÞORLÁKSHÖFN

8. til 12. ágúst

Hamingjan við hafid

Þriðjudagur 8. ágúst

- 15:30 Setning í Skrúðgarðinum
 16:00 Leikhópurinn Lotta í samstarfi við Kvenfélag Þorlákshafnar.
 19:30 Boltþrautir hverfanna á skólalóðinni.

Miðvikudagur 9. ágúst

- 17:00 Leikir í Skrúðgarðinum - Öll fjölskyldan leikur sér í gömlu góðu leikjunum.
 18:00 Sprell í íþróttahúsinu í samstarfi við Ungmennaráð Ölfuss.

Fimmtudagur 10. ágúst

- 15:00 Lautarferð í Skrúðgarðinum - komið með teppi, nesti og góða skapið.
 16:00 Sundlaugapartí fyrir yngri krakka (2011-2013).
 18:00 í samstarfi við Ungmennaráð Ölfuss og Skólann Þorlákshöfn - Diskótekið Dísu heldur uppi stuðinu. Krap og leikir.
 19:00 Sundlaugapartí fyrir eldri krakka (2010 og eldri).
 21:00 í samstarfi við Ungmennaráð Ölfuss og Skólann Þorlákshöfn Diskótekið Dísu heldur uppi stuðinu. Krap og leikir.
 18:00 Grill og harmónikkufestival á Niunni
 22:00 í umsjón Björns Þórarinssonar (Bassa) og Úlfars Sigmarssonar í samstarfi við ísfélag hf. Nokkrar vel valdar harmónikkur til sýnis. Gömlu dansaball með hljómsveitinni Gammel dans. Allir velkomnir.

Föstudagur 11. ágúst

- 18:30 Skrúðganga og hverfagrill í Skrúðgarðinum.
 Skrúðganga og allsherjar bæjargrill í Skrúðgarðinum.
 Lúðrasveit Þorlákshafnar smalar saman bæjarbúum og gestum Hamingjunnar í öllum regnbogans litum og endar í Skrúðgarðinum þar sem allir grilla saman eitthvað gott. Grill verða á staðnum. Umhverfisverðlaun og lista- og menningarverðlaun Ölfuss veitt.
 21:00-Kvöldvaka í Skrúðgarðinum
 23:00 í samstarfi við Geo Salmo.
 Sunnan ó
 Jónas Sig
 Hr. Eydis
 Hreimur
 Barinn opinn í tjaldinu.
 23:00- Körfupartí þórs í tjaldinu
 02:00 DJ Bragi heldur uppi stanslausu stuði.



Laugardagur 12. ágúst

- 10:00- Markaður í Versölum
 17:00 í umsjá Slysavarnarfélagsins Sigurbjargar.
 12:00- Hoppland - sjástökk af pöllum.
 13:00- Dagskrá fyrir börn og ungmenni í Skrúðgarðinum
 16:00 í samstarfi við Smyril Line og Arnarlax.
 Hoppukastalar og leiktæki
 Sýlvía Erla og Árni Beinteinn ásamt hundinum Oreo - Bestu lög barnanna
 Krakkaball með Diskótekið Dísu
 BMX Bros (á skólalóðinni)
 Söngvarakeppni
 Veltibillinn
 Bláðrarinn
 Groovís vagninn
 Partýkerran
 Bifreiðaklúbbur Suðurlands sýnir fornbíla.
 16:00- Argh - heimagallerí Reykjabraut 19
 18:00 Kósi kaffihúsastemming.
 13:00 Opin sjoppa og bar í tjaldinu til kl. 02:00
 18:00 Matarvagnar verða á svæðinu til kl. 21:00.
 20:00- Tónleikar í tjaldinu
 23:30 í samstarfi við Geo Salmo.
 Jón Arnór og Baldur
 Katrín Myrra
 Maskvít
 Langi Seli og skuggarnir
 Júlí Heiðar og Kristmundur Axel
 Emmsjé Gauti
 23:50 Flugeldasýning
 í umsjón Kiwanismanna.
 í samstarfi við Fasteignasölu Suðurlands, Ölfusborg, Suðurverk, Landeldi og Landsbankann.
 00:00- Hamingjuballið í tjaldinu í Skrúðgarðinum
 02:00 - Bar á staðnum og ókeypis inn. Jónsi og Stefania Svavars ásamt hljómsveit halda uppi stuðinu. 18 ára aldurstakmark



Alla dagana í Hamingjunni við hafid

- Sögusýning í römmunum við Selvogsbraut
 Frísbí golf
 Fáid frísbíðska í afgreiðslunni í íþróttahúsinu
 Sundlaugin opin
 Gryfjan fjallahjólagerður opin
 Hverfaskraut til sölu í VISS
 á milli kl. 9:00-13:00 virka daga
 Veitingastaðir opnir:
 Skálinn, Caffé Bristól og Thai Sakhon
 Gisting í Þorlákshöfn:
 Black Beach Guesthouse,
 Tjaldsvæði Þorlákshafnar



ÖLFUS



Á æfingu hjá Judofélagi Suðurlands. Mynd: Aðsend.

Nýtt Judofélag á Suðurlandi með starfs- svæði í Árnes- og Rangárvallasýslum

Judofélag Suðurlands (JS) var stofnað í byrjun mars 2023 og er grundvallað á siðareglum Judo kurteisi, hugrekki, heiðarleika, heiður, hógværð, virðingu, sjálfstjórn og vináttu.

Stefna Judofélags Suðurlands er að bæta og auðga mannlíf, andlega og líkamlega heilsu.

Judofélag Suðurlands hefur ráðið hæfa og vel menntaða Judopjálfa. Dr. George Bountakis (PhD of sport science) 6. Dan yfirpíjálfi Judofélags Suðurlands fyrrverandi landsliðspíjálfi í Englandi, Welsh og Grikklandi og Eirini Fytrou 1. Dan menntuð kennari og judopíjálfi.

Markmið er að skapa hraust og hamingjusamt fólk og finna í þeim hópi afburðar íþróttamenn, sem ná árangri í Judo bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Judofélag Suðurlands mun



Garðar Skaptson formaður og George Bountakis yfirpíjálfi. Mynd: Aðsend.

starf á Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og Hvolsvelli og verður með æfingar á öllum þessum stöðum, ítarlegri upplýsingar um það síðar.

Eirini Fytrou 1. Dan mun sjá um þjálfun barna og unglinga, þá mun hún einnig kenna stúlkum og konum judo og sjálfsvörn.

Tvö silfur og eitt brons á MÍ aðalhluta í frjálsum íþróttum

Meistaramót Íslands í flokki fullorðinna fór fram helgina 1.-3. ágúst á nýjum frjálsíþróttavelli ÍR-inga í Mjóddinni í Rvk. Lið HSK/Selfoss átti þar 14 keppendur og var liðið skipað ungum og efnilegum keppendum í bland við reynslubolta. Okkar fólk gekk heilt yfir vel og var uppskeran tvö silfurverðlaun og ein bronsverðlaun ásamt HSK-metum og persónulegum bætingum.

Bryndís Embla Einarsdóttir Selfossi gerði sér lítið fyrir og kastaði kvennasþjóttinu (600 gr.) 41,20m og vann til silfurverðlauna. Frábær árangur hjá henni og HSK-met í flokkum 14-22 ára og einungis 3m frá 25 ára gömlu Íslandsmeti í flokki 14

ára. Reynsluboltinn Örn Davíðsson Selfossi varð einnig annar í spjótkaсти karla með 64,73m. Í þrístökki kvenna áttum við fjóra keppendur sem allar stóð fyrir sínu. Anna Metta Óskarsdóttir Selfossi sem var yngsti keppandi þrístökkskeppinnar náði þar lengst. Hún varð í þriðja sæti á góðri bætingu með 10,97m sem er HSK-met í 13 ára flokki. Fleiri voru verðlaunin ekki en að lokum má geta þess að Eydis Arna Birgisdóttir Selfossi og Helga Fjóra Erlendsdóttir Garpi komust í úrslit í langstökki og Eydis Arna í sex manna úrslit í 200m hlaupi. Aðrir keppendur HSK/Selfoss stóðu sig með ágætum.

UMFS



Bryndís Embla með frábæra frammi-stöðu í spjótkaсти. Mynd: Aðsend.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is